

91

25. júní

13. gr.  
Eigi má úthluta arði samkvæmt 12. gr., fyrr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá ákveður.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 krónum og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  mætttra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

16. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

92

25. júní

## ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskrættar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps.

Arður og gjöld skiptast milli allra þeirra jarða, er hér eru taldar, og eftir þeim hundraðshlutföllum, er hér greinir:

	Hundraðshluti af arði eða gjöldum
Ormsstaðahjáleiga .....	3.90
Ormsstaðir .....	7.66
Hof .....	7.21
Skorrastaður .....	18.63
Kirkjuból .....	12.15
Hólar .....	13.47
Tandrastaðir .....	4.20
Fossárdalur .....	8.10
Seldalur .....	10.31
Skuggahlíð .....	6.63
Grænanes .....	6.63
Búlandsborg .....	1.11

Samtals 100.00

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.